




Sjávarútvegsráðstefnan 2014,
Grand Hótel Reykjavík,
20.-21. nóvember.

Tækifæri og hvatning til rannsókna, þróunar og nýsköpunar í sjávarútvegi,
Oddur Már Gunnarsson, Matís

AVS



Hugtakið lífhagkerfi (e. Bioeconomy) hefur verið notað til að ná yfir allar lífauðlindir, samspil þeirra og samhengi og áhrif þeirra á efnahagslega, umhverfislega og félagslega þætti.a



Meiri slagkraftur í fjármögnun vísinda og nýsköpunar

Aukin fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum

Árangursrík alþjóðleg sókn

Markvisst og fjölbreytt menntakerfi frá grunnskóla til háskóla

Öflug nýliðun í vísindum og nýsköpun á Íslandi

Virkt samstarf fyrirtækja, rannsóknar- og menntastofnana

Bætt mat á gæðum og verðmætasköpun vísinda- og nýsköpunarstarfs

Helstu stofnanir sem fara með sjóði



**Innovation Center
Iceland**



BYGGÐASTOFNUN



norden

Norræna ráðherranefndin

Tækniþróunarsjóður (Einstaklingar, fyrirtæki, háskólar og stofnanir).

- Frumherjastyrkir eru sniðnir að þörfum sprotafyrirtækja og frumkvöðla með verkefni á byrjunarstigi. (2ja ára að hámarki 7 milljónir hvort ár. 25% mótframlag).
- Verkefnisstyrkir eru ætlaðir til að styrkja verkefni sem eru komin af frumstigi hugmyndar (til allt að 3ja ára og að hámarki 15 milljónir króna á ári. 50% mótframlag umsækjenda).
- Markaðsstyrkir eru ætlaðir fyrirtækjum sem eru að komast á legg og eru með veltu undir 300 milljónum króna. (til eins árs að hámarki 10 milljónir. 50% mótframlag).

Rannsóknasjóður (Vísindafólk og nemendur í rannsóknatengdu námi við háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki).

- Öndvegisstyrkir eru ætlaðir til umfangsmikilla verkefna sem eru líkleg til að skila íslenskum rannsóknum í fremstu röð á alþjóðavettvangi.
- Verkefnastyrkir
- Rannsóknastöðustyrkir eru ætlaðir ungum vísindamönnum sem lokið hafa doktorsnámi innan 5 ára frá því að verkefni hefst.

Styrkir	12 mánuðir (mkr.)	24 mánuðir (mkr.)	36 mánuðir (mkr.)	RSJ %	Samrekstur
Öndvegisstyrkir	35	70	105	85%	20%
Verkefnisstyrkir	10	20	30	85%	20%
Rannsóknastöðustyrkir	7	14	21	100%	20%

Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna (Fyrirtæki sem eru eigendur rannsókna- eða þróunarverkefna. Háskólar og stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi þessara laga.)

Fyrirtæki sem hafa fengið staðfestingu Rannís á rannsókna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti skv. lögum [nr. 152/2009](#). Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps, þá er frádrátturinn greiddur út.

Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum og einnig:

- að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind,
- að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 1 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili
- Að starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

Innviðasjóður

Veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni.

Sóknarstyrkir

Til undirbúnings umsókna í alþjóðlega rannsóknasjóði, einkum Horizon 2020.



Horizon 2020 er rammaáætlun ESB fyrir rannsóknir og nýsköpun (Horizon 2020 - EU Framework Programme for Research and Innovation).

Horizon 2020 er langstærsta og umfangsmesta rannsóknáætlun ESB hingað til. Áætlunin gildir 2014-2020 og er heildarfjármagn hennar nærri 80 milljarðar €.


Markmið Horizon 2020 er að styðja við rannsóknir og nýsköpun á öllum sviðum vísinda og fræða með það að markmiði að auka samkeppnishæfni Evrópu, skapa störf og stuðla að því að fleiri góðar hugmyndir komist á markað. Áætlunin endurspeglar grundvallarmarkmið stefnu ESB til 2020 um að styðja sjálfbæran hagvöxt í Evrópu. Horizon 2020 er máttarstólpi nýsköpunarsambandsins (e. Innovation Union) sem er eitt af sjö flaggskipum ESB.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS veitir styrki til rannsókn- og þróunarverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs.

Skammstöfunin AVS er einmitt til kominn af orðunum "Aukið Verðmæti Sjávarfangs" Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis.

Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókna-, þróunar- og háskólastofnunum.





NORA

Norræna Atlantssamstarfið

NORA styrkir fjármögnun samstarfsverkefna,
Í skipulagsáætlun NORA 2012-2016 er sérstök áhersla lögð á þrjú meginviðfangsefni svæðisins varðandi verkefnastuðning:

Að styrkja sterku hliðarnar enn frekar með stuðningi við sjálfbæra þróun efnahagslega mikilvægustu atvinnugreina svæðisins, með því að styrkja nýsköpunarverkefni á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins. Það geta til að mynda verið verkefni sem snerta aukaafurðir og vannýttar auðlindir.

Að skapa ný tækifæri með því að styðja þróun nýrra atvinnutækifæra, framleiðslu, framleiðsluaðferða og markaðssetningar

Að sigrast á fjarlægðum, með því að styrkja verkefni á sviði fjarskipta og samgangna og flutninga.



BYGGÐASTOFNUN



Northern Periphery and
Arctic Programme
2014-2020

NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNIN 2014-2020 (fyrirtæki, sveitarfélög, ríkistofnanir, atvinnuþróunarfélög, mennta- og rannsóknarstofnanir og frjáls félagasamtök).

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar er að stuðla að bættu atvinnu- og efnahagslífi og að eflingu búsetupátta með fjölbjóðlegu samstarfi. Áherslur áætlunarinnar eru á nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi, endurnýjanlega orkagjafa og orkusparnað, verndun náttúru og menningar og hagkvæma nýtingu auðlinda á norðurslóðum.

Styrkur til íslenskra þátttakenda getur verið allt að 60% af heildarkostnaði verkefnis.

Aðalverkefni: Hámarksstærð verkefnins er 2 milljónir evra. Þátttakendur verða að vera a.m.k. þrír og þar af einn frá evrópusambandslandi.

Forverkefni: Hámarksstærð er 45 þúsund evrur. Að minnsta kosti tveir umsækjendur.



BYGGÐASTOFNUN



Styrkir til frumkvöðla og fyrirtækja

Átak til atvinnusköpunar

Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta.

Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla og sprotafyrirtækjum

Styrkir til klasaverkefna

BSR Innovation Express er evrópsk nálgun sem stuðlar að alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í gegnum klasaverkefni.



Eurostars er áætlun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópu sem vinna sjálf að rannsóknum og þróun.

Eurostars-verkefni eru rannsóknar- og þróunarverkefni sem geta verið á hvaða tækni sviði sem er. Þau eiga að vera til almenningsnota en ekki hernaðarnota. Markmið þeirra sé þróun á nýrri vöru, ferli og þjónustu.



Norræna nýsköpunarmiðstöðin fjármagnar norræn verkefni sem efla nýsköpun og samkeppnishæfni í atvinnulífinu og leiða til viðskipta, og eru með sjálfbæra þróun í huga. NICE skilgreinir nýsköpun sem: nýjar vörur, þjónustu, markaði, ferli eða skipulagslíkön sem skapa fjárhagslegan ávinning eða hefur nytsemi eða gildi fyrir samfélagið. NICE leggur áherslu á að ýta undir og hvetja til nýsköpunar í öllum atvinnugreinum og sviðum, þ.m.t. í opinberri stjórnsýslu. Verkefni skulu beint eða óbeint leiða til viðskipta



Matís

Matís er þekkingar og rannsóknafyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í sjávarútvegi líftækni- og matvælaíðnaði, bættu matvælaöryggi og bættri lýðheilsu

Matís veitir ráðgjöf og þjónustu til stjórnvalda og fyrirtækja


Matís tekur þátt í að þróa nýjar vörur og ferla fyrir fyrirtæki og gegnir mikilvægu hlutverki í samþættingu menntunar, R&D og matvæla- framleiðslu





Skipting tekna Matís 2007-2014

Heildartekjur 2013: 1,4 milljarðar kr.




EnRichMar (National to Nordic to European)



Matís (R&D)
Marinox
(Seaweed) Grímur kokkur
(Seafood)

The aim is to increase the value of convenience food by adding functional ingredients, produced from underutilised marine based raw materials and by-products from fish processing, with confirmed bioavailability



2010  55.000 EUR (AVS)

2012  362.000 EUR (Nordic Innovation)

2014  1.500.000 EUR (EU-FP7)